



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Mars 2009 nr. 150

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njörður Sigurðsson

njordur@hive.is

AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

21. MARS 2009

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands fer fram laugardaginn 21. mars n.k. í húsi Sögufélags við Fischersund. Fundurinn hefst kl. 16.

Dagskrá

- 1) Ársskýrsla kynnt og lögð fram til samþykktar.
- 2) Endurskoðaðir reikningar kynntir og lagðir fram til samþykktar.
- 3) Lagabreytingar (engar tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn félagsins).
- 4) Kjör stjórnar. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
- 5) Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár.
- 6) Önnur mál.

Fræðsluerindi

Að loknum aðalfundarstörfum verður gert stutt hlé og kl. 17 mun dr. Ragnheiður Kristjánsdóttir flytja erindi sem nefnist *Íslenskur kommúnismi?* Í út-drætti að erindinu segir:

Ólíkt kommúnistahreyfingunni í nágrannalöndunum hafði íslenski angi hennar ekki á róttækum grunni að byggja. Framftir þriðja áratugnum störfuðu kommúnistar innan Alþýðuflokksins og átti það þátt í að styrkja stöðu þeirra á Íslandi. Engu að síður þurftu kommúnistar að skapa sér sérstöðu og greina sig frá sósíaldemókrötum í Alþýðuflokknum. Tengslin við alþjóðlega kommúnistahreyfingu og loforð um byltingu hliðstæða þeirri í Rússlandi veitti þeim slíka sérstöðu. En það var ekki sama hvernig þeir kynntu

kommúníska hugmyndafræði í íslensku samhengi. Ákall um heimsbyltingu öreiganna og kvaðning í alþjóðlegan baráttuher þurfti að orða þannig að það fengi merkingu og hljómgrunn á meðal Íslendinga. Í fyrirlestrinum verður fjallað um tilraunir til að þýða kommúnismann yfir á íslensku.

Léttar veitingar

Sagnfræðingafélagið býður upp á léttar veitingar að fundi loknum.

Kvöldverður

Þegar fundi er lokið er stefnt að því að fundar-gestir, og aðrir sem áhuga hafa, snæði saman kvöldverð. Staður og tími verður auglýstur á Gammabrekku þegar nær dregur.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta, taka þátt í starfi félagsins og eiga góða stund með öðrum sagnfræðingum.

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Söguganga um slóðir samkynhneigðra í miðborg Reykjavíkur

Á köldum en fögrum laugardagseftirmiðdegi í byrjun október sl. stóð Sagnfræðingafélagið fyrir sögugöngu um slóðir samkynhneigðra. Samtökin 78 áttu 30 ára afmæli á árinu og því upplagt að félagið myndi á einhvern hátt minnast þeirra tímamóta. Baldur Þórhallsson stjórn málafræðingur var fenginn til þess að leiða gönguna, en hann hafði tekið saman efni um menningu og líf samkynhneigðra Reykvíkinga allt frá lokum 19. aldar og fram á okkar daga.

Haldið var frá Ingólfstorgi og gengið upp Vesturgötu og inn Garðastræti að Unuhúsi. Einn af kunnari gestum þess var Þórður Sigtryggson tónlistarkennari sem fór ekki í felur með ást sína á karlmönnum en eftir hann liggur handritið *Mennt er máttur – Tilraunir með dramb og hroka*, þar sem margt áhugavert kemur fram um líf samkynhneigðra á fyrstu áratugum síðustu aldar.

Síðan var Skáldastígur þræddur og gengið niðr Austurvöll. Leiðin lá því næst upp að Menntaskólanum í Reykjavík. Mjög áhugavert var að hlusta á dagbókarbrot drengja úr Lærða skólanum þar sem þeir lýsa ástarvímu eða sorg vegna sambanda við skólafélaga sína.

Gengið var upp á Skólavörðustíg þar sem bankað var upp á í Hegningarhúsinu. En í dómssalnum á annarri hæðinni sagði Baldur frá réttarhöldunum yfir Guðmundi Sigurjónssyni Hofdal, sem árið 1924 var dæmdur til betrunarhúsvinnu fyrir samkynhneigð. Guðmundur var kunnur glímukappi og hafði t.a.m. glímt með hópi Íslendinga á Ólympíuleikunum 1908. Hann játaði fúslega að hafa átt í samböndum við karlmenn og var líkast til eini einstaklingurinn sem var dæmdur fyrir samkynhneigð á tuttugustu öld hér á landi. Honum var síðar veitt uppreist æru með konungsúrskurði árið 1935.

Röltið endaði á Laugarvegi, þar sem Samtökin 78' buðu upp á kaffi og meðlæti. Baldur hafði viðað að sér miklu af áhugaverðu efni um fjölmarga staði í Reykjavík sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og sögu samkynhneigðra og ljóst að margt er enn órannsakað í sögu þeirra. Of langt mál er að telja upp alla þá staði sem stoppað var á eða þær heimildir sem Baldur dró fram. Hins vegar spunnust oft áhugaverðar umræður meðan á röltinu stóð og héldu þær

áfram í húsnaði samtakanna. Þar bættist Þorvaldur Kristinsson, bókmenntafræðingur í hópin og svaraði spurningum og sýndi bókasafn samtakanna sem er til marks um það mikla menningarstarf sem fer fram innan þeirra.

Þó svo að mætingin hefði mátt vera betri í þessa sögugöngu, heppnaðist hún í alla staði vel og skemmtilegt ef Sagnfræðingafélagið reyndi að gera sögugöngur sem þessar að árlegum viðburði í starfi félagsins.

Valur Freyr Steinarsson, gjaldkeri

Kvöldfundur um söfnun og varðveislu óprentaðra samtímaheimilda

Að kvöldi fimmtudags 27. nóvember sl. var haldinn fundur á vegum Sagnfræðingafélagsins í hlýlegum húsakynnum Sögufélags. Fundargestir voru um 35 talsins og góður andi ríkti í húsinu. Á boðstólum voru léttar og ljúffengar veitingar, sem Ragnheiður Þorlákssdóttir sá um. Efni fundarins var sígilt hagsmunamál okkar sagnfræðinga; söfnun, varðveisla og aðgengi að heimildum. Fluttir voru þrjú hugvekjandi fyrirlestrar, sem komu af stað fjórlegum umræðum er bæði juku á þekkingu fundargesta á málefnum, en vöktu jafnframt ýmsar spurningar um þróun mála á þessu sviði.

Fyrsti fyrirlesari kvöldsins var Njörður Sigurðsson, skjalavörður og stjórnarmaður í Sagnfræðingafélaginu, er fjallaði um varðveislu gagna á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann útskýrði helstu atriði varðandi söfnunar- og varðveislustefnu sem nú er í gildi hjá safninu og hvernig tekst til við að fylgja henni. Þá varpaði hann fram ýmsum vangaveltum um þau vandamál sem framtíðin mun bera í skauti sér, hvað varðveislu varðar, ekki hvað síst í tengslum við tæknileg málefni. Í kjölfar Njarðar sigldi Unnur María Bergsveinsdóttir, sem einnig er í stjórn félagsins og starfar sem verkefnastjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu. Unnur fjallaði um nýlegt verkefni miðstöðvarinnar við að safna frásögnum varðandi yfirstandandi fjármálakreppu. Má með sanni segja að miðstöðin taki þarna ákveðið frumkvæði við söfnun samtímaheimilda og án efa vekur þetta verkefni bæði athygli og umræður. Síðastur fyrirlesara var Björn Jón Bragason, sagnfræðingur, sem nýlega gaf út bókina *Hafskip í skotlínu*. Björn Jón fjallaði um rannsóknarvinnu sína og heimildaleit, sem oft á tíðum var giska

ÚR STARFI FÉLAGSINS

torsótt og velti upp spurningunni hvort skjalahald sé almennt í ólestri. Af máli hans má ætla að óvíða, í opinberum stofnunum, megi finna upplýsingalögin innrömmuð og hengd upp á vegg. Enn síður er aðgengi að gögnum hjá einkafyrirtækjum betri. Frásagnir Björns Jóns hljóta að vekja sagnfræðinga til umhugsunar, um gagnavarðveislu – eða eyðingu, sem á sér stað þessi dægrin og það hvernig þessi saga verður rannsökuð og rituð. Umræður í kjölfar fyrirlestranna voru, eins og áður segir, fjörlegar og það má vera ljóst að sagnfræðingar verða eftir sem áður að standa vörð um markvissa varðveislu heimilda og gott aðgengi að þeim.

Guðbrandur Benediktsson, varaformaður

Umsögn um frumvarp um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Í árslok 2008 var stjórn Sagnfræðingafélags Íslands beðin um að veita stjórnarfrumvarpi um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn umsögn sína. Stjórnin varð að sjálfsögðu við því þar sem safnið er ein mikilvægasta þjónustustofnun fyrir rannsóknir sagnfræðinga auk þess sem hún þjónar Háskóla Íslands, einu háskólastofnun landsins þar sem hægt er að nema sagnfræði til BA-, MA- og doktorsprófs.

Frumvarpið sem lagt var fyrir Alþingi í nóvember 2008 gerði ráð fyrir talsverðum breytingum á þeim lögum sem nú gilda. Stjórn Sagnfræðingafélagsins gerði alvarlegar athugasemdir við nokkrar af þeim breytingum. Ber þar fyrst að nefna að frumvarpið gerði ekki ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn yrði áfram rannsóknarbókasafn eða að það hefði frumkvæði að rannsóknum og þróun innan safnsins. Stjórnin óttaðist að ef breytingarnar næðu fram að ganga yrði engin þörf fyrir starfsfólk með þá sérþekkingu sem er nauðsynleg þeim fræðimönnum og nemendum sem nýta sér safnkostinn í rannsóknarvinnu. Stjórnin benti auk þess á að ýmis þróunarverkefni innan safnsins hefðu mikil og jákvæð áhrif á aðstöðu sagnfræðinga til rannsókna og minnti sérstaklega á stafræna dagblaðsafnið *Timarit.is* sem, eins og flestir þekkja, hefur gjörbylt allri leit í tímaritum og sparað ómældan tíma og fyrirhöfn. Stjórnin taldi þar af leiðandi sérlega mikilvægt að bókasafnið sinnti áfram rannsóknar- og þróunarhlutverki sínu.

Einnig voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á stjórn safnsins. Annars vegar taldi stjórnin óskynsamlegt að láta ráðherra skipa tvo aðila án tilnefningar í stjórn safnsins í stað eins, á kostnað vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem samkvæmt núgildandi lögum tilnefnir einn mann í stjórn. Taldi stjórnin að frekar ætti að efla tengingu Landsbókasafns við vísinda- og fræðasamfélagið en að veikja það. Í öðru lagi gerði stjórnin athugasemd við það að stjórn safnsins yrði aðeins ætlað að fara með ráðgefandi hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Stjórn félagsins taldi að fagstjórn hlyti að skerðast færi stjórn safnsins með jafntakmarkað hlutverk og gert var ráð fyrir í frumvarpinu því það ber faglega ábyrgð gagnvart safninu.

Þá voru gerðar athugasemdir við óljóst orðalag í þeirri grein frumvarpsins sem fjallaði um hlutverk og markmið safnsins. Auk þess sem rannsóknar- og þróunarhlutverkið var fellt út gerði frumvarpið, andstætt núgildandi lögum, ekki ráð fyrir t.d. samskrá bókasafna, landsmiðstöð millisafnalána og gerð skráa um íslenskar bækur, handrit og hljóðrit. Þótt stjórn Sagnfræðingafélagsins væri sammála frumvarpshöfundum um að hlutverk og markmið safnsins geti ekki verið tæmandi teldi hún samt sem áður mikilvægt að skýrt verði kveðið á um slíka grundvallarstarfsemi í lögum til að tryggja að henni verði sinnt. Frekar ætti að fjölga þeim liðum sem greina frá hlutverki safnsins og tryggja samtímis þann sveigjanleika sem þarf til að safnið geti tekið að sér önnur verkefni ef þörf krefur.

Stjórn félagsins fagnaði því að skýrt væri kveðið á um hlutverk safnsins í framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum en vakti athygli á því að hvergi væri minnst á skyldur safnsins til að víða að sér prentuðum heimildum umfram skylduskil.

Þá taldi stjórn Sagnfræðingafélagsins að svo margir og alvarlegir gallar væru á frumvarpinu um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn að það þyrfti að taka til róttækra endurskoðunar ætti það ekki að skaða hagsmunum fræðimanna á Íslandi. Því var talið skynsamlegast að frumvarpið yrði látið niður falla.

Íris Ellenberger, formaður

BÓKAFUNDUR

Árlegur bókafundur Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags var haldinn nú í janúar. Áhugi fyrir þessum fundum er mikill og að þessu sinni mættu 60-70 manns í hús Sögufélags þar sem fundurinn var haldinn. Fundurinn var mjög áhugaverður og tókst í alla staði vel undir styrkri fundarstjórn Erlu Huldu Halldórsdóttur. Hún hóf fundinn á að minna menn á að vera stuttorða, gagnorða og virða tímamörk, jafnframt benti hún á að öll þau rit sem til umfjöllunar voru og fleiri áhugaverð væru til sölu hjá Sögufélaginu. Hér verður ekki farið ofan í þá gagnrýni sem kom fram á verkunum heldur aðeins fjallað um fundinn í stórum dráttum en sagnfræðingar eru hvattir til að kynna sér þessar nýju rannsóknir.

Á dagskrá var umfjöllun um fjögur ný sagnfræðirit og eru þau rit sem tekin eru fyrir hverju sinni valin sameiginlega af stjórn Sagnfræðingafélagsins og stjórn Sögufélags. Til að reyna að tryggja sem faglegasta gagnrýni á hvert verk er alltaf reynt að fá gagnrýnendur úr röðum sagnfræðinga og þá leitað til þeirra sem þekkja sérlega vel til þess tímabils eða þess máls sem viðkomandi rit fjallar um.

Fyrsta verkið sem tekið var til umfjöllunar var doktorsritgerð Hrefnu Róbertsdóttur *Wool and society. Manufacturing policy, economic thought and local production in 18th-century Iceland*. Helgi Þorláksson sagnfræðingur fjallaði um verkið og taldi að hér væri komið tímamótaverk í rannsóknum á 18. öldinni. Hann sagði bókina rækilega trausta rannsókn og sagði Hrefnu hrekja viðteknar skoðanir um starfsemi og árangur Innréttlinganna og koma með ný sjónarhorn og nýja nálgun á efnið. Hann sagði hana skoða sögu Innréttlinganna út frá ríkisheildinni, atvinnuháttum og félagslegum viðhorfum þess tíma. Það sem Helgi sagðist sakna var að Hrefna hefði ekki fjallað um konungsútgerðina sérstaklega 1780-1786. Hrefna brást við gagnrýni Helga og svaraði nokkrum spurningum fundargesta.

Annað verkið á dagskrá þessa kvöldfundar var *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007* í ritstjórn Lofts Guttormssonar sem er líka höfundur hluta þess efnis sem er í ritinu. Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur fjallaði um verkið, sagði það spennandi og grundvallarrit sem hefði vantað þar til nú. Árni Daníel sagði að hann saknaði þess að ekki væri fjallað um innflytjendur í skólakerf-

inu. Mjög lítil gagnrýni kom fram og er frekar hægt að tala um athugasemdir. Fundarmönnum lék forvitni á að vita hvernig staðið hefði verið að verki við gerð bókarinnar. Loftur lýsti aðferðafræðinni og vinnubrögðunum sem hann og meðhöfundar hans viðhöfðu við gerð ritsins og sagði hópinn hafa notið reynslunnar af ritun Kristni-sögunni sem kom út fyrir nokkrum árum.

Þriðja bókin á dagskránni var *Saga Íslands 9. bindi* í ritstjórn þeirra Sigurðar Línalds og Péturs Árnasonar. Sigríður Hjördís Jörundsdóttir sagnfræðingur fjallaði um verkið og tók fram í upphafi að hún myndi aðeins fjalla um sagnfræðilega hluta verksins en ekki þann bókmenntalega. Þetta var eina verkið, af þeim sem voru á dagskrá kvöldsins sem fékk harða gagnrýni. Sigríður rakti efni ritsins og nefndi m.a. að svo virtist sem nýjar rannsóknir á því tímabili sem ritið nær yfir hafi ekki verið notaðar og nefndi sérstaklega nýjar doktorsritgerðir sem hún taldi eiga erindi í rit sem þetta. Hún nefndi jafnframt að efni einstakra höfunda væri of afmarkað. Sigríður taldi upp nokkra alvarlega galla varðandi frágang verksins eins og lélega myndvinnslu og að það væri ekki myndaskrá og vísindaleg tilvísanaskrá. Hún sagði bókina líða fyrir þennan frágang. Sigurður Línald og höfundarnir Anna Agnarsdóttir og Gunnar Karlsson svöruðu gagnrýni Sigríðar og sögðu erfitt að koma öllu fyrir í riti sem þessu en Gunnar tók undir gagnrýni Sigríðar varðandi vöntun á tilvísanaskrá.

Fjórdða og síðasta bók kvöldsins var *Amtmaðurinn á einbúasetrinu* eftir Kristmund Bjarnason fræðimann. Einar Hreinsson sagnfræðingur tók að sér að gagnrýna bókina og taldi það mikinn feng að bókina væri komin út eftir að höfundur hafði gengið með verkið á milli útgefenda í langan tíma. Einar sagði frá heimildanotkun höfundarins sem hann sagði afar fjölbreytta en nefndi þó heimild sem hefði ekki verið notuð og þótti það miður. Ritið væri í raun söguleg skáldsaga en ekki harðkjarna sagnfræði og taldi Einar sérlega áhugavert hvernig höfundurinn nálgæðist viðfangsefnið og næði að koma tíðarandanum til skila. Höfundurinn var ekki á fundinum og því brást hann ekki við þeim athugasemdum sem Einar gerði.

Þórunn Guðmundsdóttir, ritari

STRANDHÖGG - LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA MEÐ NÝJU SNIÐI

Sagnfræðingafélag Íslands hyggst, í samvinnu við Félag Þjóðfræðinga á Íslandi og Þjóðfræðistofu á Hólmavík, endurvekja landsbyggðarráðstefnurnar sem voru haldnar í sumarbyrjun níu ár í röð, síðast að Heklusetri að Leirubakka. Í þetta sinn verður haldið til á Ströndum dagana 12.-14. júní n.k. þar sem Hólmavík verður bækistöð fyrirlesara og ráðstefnugesta. Í ljósi efnahagshruns og samdráttar verður fyrirhuguð ráðstefna þó með nokkuð öðru sniði en áður. Gert er ráð fyrir að ráðstefnugestir og fyrirlesarar ferðist til Hólmavíkur á föstudags- eftirmiðdegi en snæði á leiðinni kvöldverð á sauðfjársetrinu í Steingrímsfirði.

Í stað hefðbundinna málstofa verður farið í vettvangsferð frá Hólmavík út að Krossneslaug laugardaginn 13. júní. Staldrað verður við á vel völdum stöðum þar sem fræðimenn og staðkunnugir halda stutt erindi og svara fyrirspurnum. Áætlaðir viðkomustaðir eru Kotbýli kuklarans og

fornleifauppgröftur við Eyjar í Bjarnafirði, Djúpa- vík, Kistan í Trékyllisvík, Norðurfjörður og loks Krossneslaug þar sem boðið er upp á sundsprett áður en haldið verði aftur á Hólmavík og kvöld- verður snæddur á Café Riis. Að morgni sunnu- dagsins 14. júní gefst ráðstefnugestum tækifæri til að skoða sig um á Hólmavík og heimsækja þau söfn og menningarstofnanir sem plássið býr yfir. Eftir hádegisverð verður höfðað til heimamanna og haldin málstofa með 4-5 fyrirlesurum þar sem fræði úr höfuðborginni verða færð út fyrir borgar- mörkin um stundarsakir.

Þegar hafa margir af okkar færustu sagnfræð- ingum og þjóðfræðingum boðað komu sína. Það er því óhætt að lofa afar spennandi dagskrá í ljóm- andi umhverfi.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna verða sendar út á Gammabrekku og heimasíðu félagsins.

AF HLAÐBORDI ALDARINNAR

Félagið Matur-saga-menning, í samstarfi við Sagnfræðingafélag Íslands og Reykjavíkur- Akademíuna, stóð fyrir ráðstefnunni *Af hlaðborði aldarinnar – áfangar og áráðni í íslenskri matar- menningu* sem haldin var í Iðnó laugardaginn 27. september sl. Deginum áður opnaði Matur-saga- menning sögusýningu um mat og matarmenningu og nefndist sýningin Reykvíska eldhúsið – matur og mannlíf í hundrað ár.

Fyrirlestrarir voru mjög fjölbreyttir að efni en áttu það allir sameiginlegt að leggja út af mat og neyslumeningu. Fyrsti fyrirlesturinn nefndist „Skáli um þjóðbraut þvera. Upphaf greiðasölu á Íslandi“. Fyrirlesari var Margrét Guðjónsdóttir þjóðfræðingur og sagði hún mjög skemmtilega frá því hvar og hvernig bændur og búendur á bæjum víðs vegar um Borgarfjörðinn sníðu greiðasölu til ferðalanga að búskap og almennum heimilis- rekstri. „Hófleg neysla og hóflegt vöruframboð. Hömluleysi og sóun sem vandamál kapítalískra neysluháttá“, var titill næsta fyrirlesturs og hann flutti Magnús Sveinn Helgason sagnfræðingur. Umfjöllun Magnúsar snerist að mestu um upphaf og þróun samvinnuhreyfingarinnar í Svíþjóð. Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands kom næst í pontu og sagði frá því hvernig hið opinbera mótaði brauðsmekk Íslend- inga á ofanverðri tuttugustu öldinni. Í fyrirlestri Guðmundar bar hin fornfrægu vísitölubrauð oft á góma og höfðu forsvarsmenn ráðstefnunnar fengið

bakara til að baka nokkur vísitölubrauð eftir for- skrift og voru þau höfð til sýnis í Iðnó, nýbökuð og ilmandi. Hugmyndin hafði verið sú að setja brauðin á matarsýninguna að ráðstefnunni lokinni en ráðstefnugestir stóðust ekki freistinguna og voru brauðin borðuð í kaffihléinu. „Meyjarhumar og hákarl. Íslenskt matarsetur í Lundúnum“ var yfirskrift fjórða fyrirlestrarins og í honum sagði undirrituð frá tilraun íslenskra stjórnvalda til að stofna og reka íslenskan veitingastað í Lundúnum á sjöunda áratugnum. Lokafyrirlestur ráð- stefnunnar fjallaði um Rúnar Marvinsson mat- reiðslumann sem oft er kenndur við Hótel Búðir á Snæfellsnesi og nefndist hann „Vakning á Búðum - Puntstrá og villibráð“. Brynhildur Sveinsdóttir þjóðfræðingur sagði sögu Rúnars og byggði á við- tali sem hún tók við hann. Jafnframt því sýndi hún ljósmyndir úr safni Rúnars, sem margar hverjar birtust síðar í matreiðslubókinni *Náttúran sér um sína* eftir Rúnar og Áslaugu Snorradóttur ljós- myndara.

Í lok ráðstefnunnar efndu Sagnfræðingafélag, Matur-saga-menning og ReykjavíkurAkademían til hátíðarkvöldverðar. Á boðstólnum í veislunni voru sýnishorn af hátíðarréttum liðinnar aldar og ferðuðust matargestir aftur í tímenn. Af þessu öllu, bæði ráðstefnu og veislu, var hin besta skemmtun.

Sólveig Ólafsdóttir, frkvstj. Reykvíska eldhússins

ANDÓFIÐ OG FRÆÐIMAÐURINN

Þann 3. febrúar hélt Árni Daníel Júlíusson erindið *Andóf í akademíunni* þar sem hann hugleiddi m.a. af hverju róttækni- og mótmælabylgja 68 kynslóðarinnar hafi horfið svo gjörsamlega að tekist hefði að leggja grunn að gríðarlegu efnahagshruni án mikilla mótmæla frá akademíu landsins. Í tilefni af yfirskrift vормisseris hádegisfyrirlestraðar Sagnfræðingafélagsins *Hvað er andóf?* verður hér lagt stuttlega út af erindi Árna og hugað að þeim skyldum sem fræðimenn bera gagnvart samfélagi sínu og gagnvart hver öðrum.

Það vakti athygli í kjölfar efnahagshrunsins að þegar framlög til Háskóla Íslands voru skorin niður um tæpan milljarð heyrðist varla múkk frá skólanum, utan hófsamrar yfirlýsingar rektors og álíka yfirvegaðrar ályktunar frá háskólaráði HI, svo dæmi séu nefnd. Ef til vill réðu för viðhorf um að allir þegnar þjóðfélagsins þyrftu að snúa bökum saman á krepputímum og gæta aðhalds. Þó ber að undrast það jafnaðargeð sem ríkt hefur innan veggja skólans vegna þessa niðurskurðar. Háskólinn hefur þegar lagt sitt af mörkum til mótvægisáðgerða með því að taka inn stórauðinn fjölda nemenda á sama tíma og þau fuðra upp fyrirtækin sem skólinn hefur verið ofurseldur undanfarin ár í ljósi ófullnægjandi ríkisfjármögnunar. Eimskip og Landsbankinn eru t.d. ekki lengur þess megnug að efna loforð sín við Háskólann.

Á sama tíma og þessi áföll ríða yfir Háskólann huga yfirvöld í Frakklandi á stórfelldar breytingar á háskólakerfinu þar í landi í trássi við háskólafólk. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Síðasta haust voru setuverkföll tíð, heilu háskólabyggingunum lokað og öll starfsemi féll niður vikum saman. Vegna nýrrar tilskipunar um háskólamál veita kennarar, nemendur og starfsfólk háskólanna enn á ný harða viðspyrnu um allt Frakkland.

Slíkur reginmunur verður varla útskýrður með ríkri mótmælahefð í Frakklandi einni saman. Hér á landi hefur það líklega meira að segja að andóf, mótmæli og beinar aðgerðir hafa verið gerðar tortryggilegar og það löngu áður en svartir sauðir tóku upp á því að kasta grjóti í lögregluna í janúar í ár.

Það kom nokkuð skýrt fram í mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun t.d. að akademían var mjög treg til að taka afstöðu, a.m.k. á móti virkjuninni. Fámennur hópur hugvísinda- og félagsvísindafólk

stóð vaktina um leið og þeir sem baráttan þurfti mest á að halda, náttúru- og raunvísindafólkið, þorði fæst að tjá sig opinberlega um virkjunina af ótta við að það bitnaði á kjörum þess og starfsferli. Nokkrir héldu því enda fram að þeim hefði verið neitað um störf fyrir að andæfa, ef þeim var þá ekki beinlínis hótáð. Svipað heyrst nú frá þeim hagfræðingum og viðskiptafræðingum sem fyrir bankahrun gerðu sig líklega til að mæla í mót viðteknum skoðunum um hagæld þjóðarinnar, traustar undirstöður íslensks fjármálakerfis og viðskiptasnilli útrásarvíkinga.

Getur einhver láð þeim þögnina? Staðreyndin er sú akademían hefur verið mjög treg til að tjá sig í andstöðu við stefnu þess stjórnvalds sem ríkjandi er hverju sinni, hvað þá að taka þátt í beinum mótmælum. Hinn fámenni hópur hug- og félagsvísindafólks sem var í framvarðarsveit Kárahnjúkamótmæla reyndist aðallega vera sjálfstætt starfandi fræðimenn. Háskólafólk þagði flest þunnu hljóði þegar kom að því að andmæla ríkjandi hugmyndafræði og fyrirhuguðum stjórnvaldsáðgerðum. Enda virtist hin viðtekna skoðun vera sú að gerðist einhver svo djárfur að láta skoðanir sínar opinberlega í ljós gæti sá hinn sami ekki verið hlutlaus í fræðimennsku sinni, sama þótt rannsóknarsvið viðkomandi væri e.t.v. eins fjarlæggt Kárahnjúkavirkjun og hugsast gæti. Samtímis þótti vart tiltökumál fyrir fræðimenn að taka opinbera afstöðu með ríkisvaldinu eða þá að sækja styrki til orkufyrirtækja til hálandis- eða landsbyggðarráðstefna.

Fjölmargir fræðimenn á öllum rannsóknasviðum þorðu ekki að láta persónulegar skoðanir í ljós eða andæfa jafnvel þótt rannsóknir þeirra hefðu ekkert að gera með Kárahnjúka, efnahagsmál eða hvert svo sem deilumálið var. Undir venjulegum kringumstæðum hefði talist fráleitt að persónulegar skoðanir fræðimanna yrðu til að kasta rýrð á hlutleysi í rannsóknum. En kringumstæður andófs og mótmæla á Íslandi hafa sjaldnast verið venjulegar miðað við nágrannalönd okkar og enn óttast fræðimenn að gagnrýni og þátttaka í mótmælum komi niður á starfsferli þeirra. Er þá nokkuð að undra þótt sérfræðingarnir sem standa í eldlínu hitamálanna þori vart að malda í móinn? Eftir stendur að fræðasamfélagið í heild brást aðhaldskyldu sinni gagnvart yfirvöldum og almennri upplýsingaskyldu út í þjóðfélagið óháð vilja stjórnvalda.

ANDÓFIÐ OG FRÆÐIMAÐURINN

Svarið við spurningunni *Hvað er andóf?* er í þessu tilfelli það að andóf er skylda fræðimannsins þegar t.d. stjórnvaldsaðgerðir stríða gegn hans betri vitund, hver svo sem sérfræðigrein hans er. Þá sé skylda hvers fræðimanns, að fylgja sannfæringu sinni og andæfa, ekki aðeins á kaffistofunni heldur opinberlega. Kannski hvílir þessi skylda þyngra á herðum okkar sem ekki erum sérfræðingar í þeim málaflokki sem styr stendur um hverju sinni. Með því að vera óhrædd við að sinna aðhaldshlutverki okkar mótum við samfélag þar sem „fræðilegt andóf“ þykir sjálf-sagt. Þannig göngum við langt í að tryggja að ekki sé hægt að þagga niður í þeim kollegum okkar sem ríður á að séu frjálssir til að tjá sig um málefni líðandi stundar. Með virkri gagnrýni, andófi og þátttöku í mótmælum getum við slegið skjaldborg um tjáningarfrelsi þeirra sérfræðinga sem í krafti rannsókna sinna, reynslu og gagnrýni geta haft áhrif á stefnu ríkisvaldsins og hefðu ef

til vill getað afstýrt eða mildað þann mikla vanda sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Fræðimenn geta deilt innbyrðis til eilífðarnóns en það breytir því ekki að ef fræðasamfélagið á að standa undir nafni þarf það að haga sér í samræmi við nafngiftina, sem samfélag sem hefur skyldur gagnvart þjóðfélaginu í heild sem það rækir ekki aðeins með rannsóknum sínum heldur einnig með því að veita yfirvöldum virkt aðhald og almenningi nauðsynlegar upplýsingar. Haldi einhverjir að hægt sé að sofna á verðinum þótt ákveðin pólskipti hafi orðið á ríkisstjórn Íslands þá er það reginmisskilningur. Nú er mikilvægt sem aldrei fyrr að gagnrýna, andæfa eða mótmæla gerist þess þörf, ekki aðeins til að veita aðhald heldur einnig til að akademían geti endurheimt sjálfstæði sitt og orðið það samfélagslega hreyfiafl sem hún hefur burði til.

Íris Ellenberger, formaður

GAMMABREKKA

Í janúar hófst mikil umræða um málefni líðandi stundar á Gammabrekku. Tilefnið var „fyrsti í byltingu“. Umræða fór af stað með lítilli spurningu en hægt er að líta á öll svörin sem hugleiðingar um hlutverk sagnfræðinnar. Sem slík valda svörin óneitanlega vonbrigðum.

Anna Agnarsdóttir sendi fyrsta skeytið miðvikudagsmorguninn 21. janúar. Hún spurði „Hvernig eigum við sagnfræðingar að túlka það sem gerðist í gær? Þetta var sögulegur dagur.“

Heldur þótti mér kollegar mínir í svörum sínum mistækir í sögulegum samanburði. Hundrað daga gamalt efnahagshrun Íslands var borið saman við fall kommúnisma í Austur-Evrópu, Sjálfstæðisflokknum líkt við einræðisflokkka í austri og nokkrum dögum áður hafði Magnús Stephensen og Davíð Oddsson verið gerðir að nánast sama manni. Ekki verður farið frekar í fáránleika þessa samanburðar. Virtust þó allir sem tjáðu sig á annað borð ganga út frá því að sagnfræðingar hefðu eitthvað sérstakt og gott að leggja til umræðunnar um núverandi ástand. „Látum í okkur heyra, komum með vandaðar ábendingar um sögulegar hliðstæður og hjálpum til við endurreisn og uppbyggingu samfélags“ sagði Þorsteinn Helgason.

Eflaust vilja allir hjálpa til við endurreisn og uppbyggingu samfélagsins, óháð menntun. Æskilegt er að nýta menntun sína í slíku hjálparstarfi en ég held að sagnfræðingar hljóti að geta nýtt sína reynslu til gagnlegri hluta en að þylja upp söguatriði og samanburð þeirra. Væri ekki meira vit í að nýta aðferðir sagnfræðinnar heldur en að einblína á innihaldið? Hvort ætli leiði til meiri skilnings: upptalning eða beiting sagnfræðilegra aðferða? Og hvort verkefnið hefur meiri þörf fyrir sagnfræðinga? Styrkur sagnfræðinga hlýtur að liggja í aðferðum og túlkunum. Eins og fjölmargir aðrir sagnfræðingar er undirritaður á því að meira mætti heyrast frá sagnfræðingum í þeirri miklu umræðu um þjóðfélagið sem nú fer fram. En hyggist þeir leggja eitthvað af mörkum sem sagnfræðingar frekar en almennir borgarar verður líka að ætlast til að þeir nýti fræði sín. Er óskandi að ekki verði síður bent á fjölbreytileika sögunnar en hliðstæður – að vandamál og spurningar fortíðar séu ekki eilífar og veiti því varla einhlít svör við spurningum og vandamálum dagsins í dag.

Karl Jóhann Garðarsson

(Grein þessi birtist í ítarlegri mynd á vefritinu Hugsandi.is 27. janúar 2009 og er þar vísað nánar til einstakra bréfa.)

ÓTTI, ANDÓF OG BÚSÁHALDABYLTINGIN

Þann 20. janúar 2009 hófst vormisseri hádegisfyrirlestrararæðar Sagnfræðingafélags Íslands undir yfirskriftinni *Hvað er andóf?* Þegar stjórn félagsins tók afstöðu til yfirskrifta vetrarins grunaði hana ekki hversu viðeigandi þær yrðu. Haustmiserið var helgað óttanum undir yfirskriftinni *Hvað er að óttast?* og aðeins viku eftir bankahrun hélt Guðmundur Jónsson erindið „Hallærasamt land en þó ekki óbyggjandi. Um efnahagskreppur og óttann við þær“ fyrir troðfullu húsi í Þjóðminjasafni. Með síversnandi kreppu hefur andóf orðið sífellt meira áberandi, bæði í verki og umræðu. Stjórn félagsins virtist því enn hafa hitt naglann á höfuðið með yfirskrif vormisseris en þó grunaði hana aldrei hversu hittin hún væri.

Þann 20. janúar stóð til að Alþingi kæmi saman eftir jólafrí. Boðað hafði verið til mótmæla og fólk hvatt til að mæta með búsáhöld og láta í sér heyra eftir nokkuð hógvær og lágstemmd laugardagsmótmæli haustsins. Nokkur stemning hafði myndast fyrir mótmælunum og við því að búast að einhverjir gestir á hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélagsins myndu ekki láta sér nægja að fræðast um andóf heldur kynnast því einnig í verki að fyrirlestri loknum.

Kjartan Ólafsson, fyrrum ritstjóri Þjóðviljans, opnaði fyrirlestraröðina með erindi sínu „Hetjudáð eða hermdarverk?“. Þar hugleiddi hann hver mörkin væru milli hetjudáða og hermdarverka og hvernig samfélagslegar og pólitískar sviptingar breyttu slíku mati. Því næst fjallaði Kjartan um símhleranir íslenskra stjórnvalda á árunum 1949-1968, sem hann varð m.a. sjálfur fyrir, og þau rök sem dómsmálaráðherra notaði þegar hann bað um slíkar hleranir. Sjálfur hefur Kjartan reynt að upplýsa málið eftir

því sem kostur er og kom hann aðeins inn á þá vinnu.

Í fyrirspurnartíma spunnust nokkrar umræður um hleranir án dómsúrskurðar og upplýsti Hörður Torfason að hann og hans samstarfsfólk væri þess fullvisst að símar þeirra væru hleraðir. Í kjölfarið spurði Óttar M. Norðfjörð Kjartan hvað hann teldi að þyrfti að gerast til að mótmæli fengju hljómgrunn meðal almennings og stjórnvalda. Kjartan svaraði því til að hann teldi að bjóða þyrfti upp á sameiginlega framtíðarsýn sem fólk væri tilbúið að öðlast þótt það hefði fórnir í för með sér.

En í þann mund sem Kjartan byrjaði svar sitt heyrðu fundargestir óminn af glamri í pottum og pönnum sem smám saman stigmagnaðist þar til ópin heyrðust greinilega inn í fundarsalinn. Þar var á ferð Öskra, nýstofnuð hreyfing byltingarsinnaðra stúdenta, sem hafði boðað för sína frá Háskólanum og niður á Austurvöll. Kjartan greip boltann og varpaði honum yfir til „unga fólksins“, ungu kynslóðarinnar sem hann vildi sjá leiðsögumenn að hinni sameiginlegu framtíðarsýn. Hann taldi mjög dýrmætt að það skyldi heyrast inn um glugga Alþingishússins þegar glamrað væri í pottum og pönnum þar fyrir utan.

Framhald sögunnar höfum við öll lesið, heyrt og séð í öllum fjölmiðlum landsins. Ekki liðu tveir tímar frá því að Kjartan hafði lokið máli sínu þar til að búsáholdabylting var í fullum gangi og virðulegur fundarstjóri skyndilega kominn í það furðulega hlutverk að sprauta mjólk upp í augun á piparúðuðum kollegum, ápreifanlega vör við að við lifum á sögulegum tímum.

Íris Ellenberger, formaður

BÚSKAPUR OG REKSTUR STAÐAR Í REYKHOLTI 1200-1900

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands hefur sent frá sér bókina *Búskapur og rekstur staðar í Reykholti 1200-1900* eftir Benedikt Eyþórsson sagnfræðing, hún er þriðja bókin í ritröðinni *Meistaraprófsritgerðir* sem gefin er út af Sagnfræðistofnun. Reykholt í Borgarfirði var um aldir í hópi betri brauða landsins og eftirsóknarvert þótti að vera staðarhaldari þar. Rekstur staðar á borð við Reykholt var umfangsmikið fyrirtæki á sinni tíð þar sem eignamsýsla og búskapur skipuðu veigamikinn sess. Í bókinni eru helstu þróunarlinur í þessum efnum dregnar fram og sérstök áhersla er lögð á búskapar-

hætti staðarhaldara. Því verður svarað eftir hverju var að slægjast og sýnt fram á hvernig staðarhaldarar héldu um taumana og gátu stundað umfangsmikinn búskap þrátt fyrir ýmsa annmarka bújarðarinnar. Í ritinu er að mestu stuðst við óútfærnar frumheimildir ættaðar úr Reykholti en skjalasafn staðarins er einkar vel varðveitt og samfelld og á sér vart hliðstæður hér á landi. Rannsóknin á sér einnig víðari skírskotun enda varpar hún ljósi á almenna hag- og búnaðarsögu tímabilsins, á samfélag þar sem jarðeign var einn helsti grundvöllur auðs og valda. Ritið fæst í öllum betri bókabúðum.

*Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands er prentað hjá Prentmet.
Efni í fréttabréfið má senda á njordur@hive.is*

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
